

**Sp. 515. Tillaga til þingsályktunar [253. mál]**

um langtímastefnu í rannsókn- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna.

Flm.: Stefán Jónsson, Friðrik Sophusson, Ágúst Einarsson, Garðar Sigurðsson, Oddur Ólafsson, Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnar að mörkuð verði langtíma-  
stefna í rannsókn- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna og lögð til grundvall-  
ar langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni. Verði langtímaáætlunin síð-  
an endurskoðuð reglulega og höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um fjárveitingar  
og önnur málefni er varða rannsóknastarfsemi í landinu.

**Greinargerð.**

Flestir, sem um atvinnu- og hagþróunarmál fjalla, eru sammála um að stærsti  
þáttur í aukinni velmegun undanfarandi áratuga sé hin stöðuga nýsköpun sem byggst  
hefur á aukinni tækniþekkingu og afrakstri rannsókn- og þróunarstarfs. Sönnun  
þeirrar staðhæfingar birtist í margvíslegu formi í lífskjörum sem við búum við nú,  
ekki síst þeim tækjum og búnaði sem beitt er við framleiðslu svo og til hagræðis  
heima fyrir.

Mikill hluti þeirra gæða, sem við njótum, er afrakstur tækniþróunar og rann-  
sóknar sem fram hafa farið um víða veröld og flust til okka í formi margs konar  
vöru og þjónustu. Svo mun að sjálfsögðu verða áfram í verkskiptum heimi. Á hinn  
bóginn munum við ekki lengi geta hagnýtt okkur þessi gæði ef við leggjum okkur  
ekki verulega fram við að þróa tækni eða aðlaga erlenda tækni þeim aðstæðum nátt-  
úru og umhverfis, sem við búum við, og höfum sjálfir eitthvað eftirsóknarvert fram  
að færa á markaðstorgi alþjóðlegra viðskipta.

Þetta er þeim mun mikilvægara sem nú er séð að auðlindir hafsins, sem áður  
var að mestu byggð á, verða senn fullnýttar og efnahagsvöxtur mun í vaxandi mæli  
byggjast á öðrum grunni en auknum fiskveiðum. Jafnframt harðnar samkeppni í al-  
þjóðlegum viðskiptum með hvers kyns vörur og þjónustu.

Þær þjóðir, sem við berum okkur saman við og eigum skipti við, eru á einu  
máli um að vaxandi tækniþekking, byggð á lifandi og virkri rannsókn- og þróunar-  
starfsemi, tækniþjónustu og upplýsingamiðlun um tækni og markaðsmál, sé skil-  
yrði þess að þær geti haldið áfram á braut efnahagslegra og félagslegra framfara.

Vegna hinna miklu sviptinga í efnahags- og atvinnumálum heimsins um þessar mundir hafa mörg lönd tekið skipulag og framkvæmd þeirra til gagugerrar endurskoðunar og innleitt margvislegar aðgerðir til að styðja nýsköpun í efnahagslífi. Mikilvægur þáttur í því er að auka stuðning við rannsókn- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnulífsins og þá upplýsinga- og þjónustustarfsemi, sem henni tengist.

Oft hefur verið á það bent, að Íslendingar verji minni fjármunum til rannsókn- og þróunarstarfs en aðrar þjóðir á svipuðu þróunarstigi, eða 0.3—0.5% af vergum þjóðartekjum, þegar nágrannþjóðirnar verja til þess 1—2.5% af sínum þjóðartekjum. Aðeins á sviði hafrannsókn og landbúnaðar verja Íslendingar fjármagni sem er í svo háu hlutfalli við vinnsluvirði viðkomandi atvinnuvegar. Í iðnaði, þar sem flestar aðrar þjóðir verja hlutfallslega mestu fjármagni til rannsókn- og þróunarstarfsemi, er hlutfallið aðeins um 0.1% af vinnsluvirði atvinnuvegarins. Í öðrum úrvinnslugreinum, byggingariðnaði og fiskvinnslu er útkoman lítið betri.

Enda þótt samanburður við útlönd sé ekki einhlítur bendir þetta þó sterklega til þess, að Íslendingar hafi vanrækt rannsókn- og þróunarstarfsemina, og raunar hefur það oft komið okkur illa að meiri háttar ákvarðanir um stefnumótun í málafnum þjóðfélagsins hafa ekki byggst á nægilega rannsókuðum forsendum.

Með hliðsjón af þeim nýju viðhorfum í efnahagsmálum, sem skapast hafa héraðs og á alþjóðavettvangi, er full ástæða til að taka rannsókn- og þróunarstarfsemina og þá þjónustu- og upplýsingastarfsemi, sem henni tengist, til rækilegrar endurskoðunar. Sýnist þetta raunar í samræmi við þá viðleitni til mótunar á langtímaáætlun í efnahags- og atvinnumálum sem unnið er að hjá öllum stjórn mála-flokkunum.

Það hefur reyndar lengi verið til umræðu hér á landi með hvaða hætti þetta starfssvið þjóðfélagsins verði gert virkara í viðleitni til umbóta í atvinnu- og efnahagslífi héraðs. Ekki hafa menn ætíð verið á einu máli um hverjar leiðir bæri að fara og margir álitíð skipulagsbreytingar á stofnunum nauðsynlegar, en aðrir talið mikilvægara að finna heppilegri starfsaðferðir, þannig að nánari samverkan tækist milli rannsóknarstarfseminnar og atvinnuveganna. Hið síðarnefnda lögðu fulltrúar OECD-samtakanna áherslu á þegar gerð var athugun á vísindastefnu Íslendinga á árunum 1970—1971 á vegum samtakanna.

Með langtímaáætlun þeirri, sem hér er lögð fram til umtjöllunar, er reynt að tengja rannsókn- og þróunarstarfsemina við vandamál og viðfangsefni atvinnuveganna og þjóðlífsins í heild á skýrari hátt en áður. Að baki áætlunarinnar liggur mikið starf við könnun á aðstæðum og þróunarhorfum á þeim meginsviðum atvinnulífsins, sem rannsóknastofnanir þjóna sérstaklega, þ. e. sjávarútvegi og fiskiðnaði, landbúnaði, almennum iðnaði og byggingariðnaði.

Með hliðsjón af áætluninni á að vera auðveldara en áður að gera sér grein fyrir hvernig ætlunin er að sinna þeim vandamálum sem á atvinnuveginum brenna að þessu leyti og kanna þarf til að opna leiðir til nýsköpunar í atvinnulífinu. Á grundvelli hennar á að vera ljósara en áður samhengið milli þjóðfélagslegra markmiða og þess starfs sem fram fer á rannsóknastofnunum. Þannig á löggjafar- og framkvæmdavald að geta tekið efnislega afstöðu til þess, hvers sé vænst af stofnunum, og tekið ákvarðanir í samræmi við það. Það er megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu að hafin verði umræða og umfjöllun um málefni rannsókn og þróunar á þessum grundvelli.

Ætlunin er að tekin verði upp sérstök meðferð á málefnum rannsóknastofnanna við fjárlagaundirbúning, þannig að gætt verði betur en áður þeirra efnisatriða, sem starfsemin fjallar um, og reynt verði að koma henni sem mest á grundvöll afmarkaðra verkefna með skýran tilgang og tengsl við þarfir þjóðar og við væntanlegan árangur að loknu verki. Með ljósari tengslum fjárveitinga við markmið og árangur, er þess vænst að fást muni betri nýting fjármagns og mannafla, en jafnframt

fái fjárveitingavalldið gleggri innsýn í hina raunverulegu þörf fyrir rannsókn- og þróunarstarfsemi í landinu í heild og geti tekið ákvarðanir sínar í samræmi við það.

Ætlunin er að sá háttur verði tekinn upp af hálfu Rannsóknaráðs ríkisins að gera langtímaáætlanir reglulega með 2—3 ára millibili til 5 ára í einu. Verða fulltrúar atvinnuveganna kallaðir til við undirbúning þeirrar áætlunargerðar. Síðan fjalli Alþingi um hverja áætlun og ræði um leið málefni rannsóknastarfseminnar í heild, og þá ekki síst þau þjóðfélagslegu markmið sem henni skuli beint að á hverjum tíma. Niðurstöður af umfjöllun Alþingis verði í formi ályktunar um áætlunina. Einnig má ætla að við umfjöllun í nefndum og í umræðum í þinginu komi fram gagnleg viðhorf og ný sjónarmið varðandi rannsóknastarfsemina og tengsl hennar við þjóðfélagshorfurnar.

Árlega yrði svo fjallað um fjárveitingabeidni rannsóknastofnana með hliðsjón af langtímaáætluninni og stefnumótandi umfjöllun Alþingis um hana. Til að tryggja að gætt sé faglegra og efnislegra sjónarmiða við umfjöllun um fjárhagsáætlanirnar er gert ráð fyrir samráði við stofnanirnar á meðan fjárveitingarumsóknir eru til umfjöllunar á vettvangi ráðuneyta og fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Þannig verði breytingar á áætlun stofnana gerðar með fullri vitund um þörf og forgangsröðun, sem rannsóknastofnanirnar fá aðstöðu til að skýra, og með hliðsjón af sjónarmiðum þeirra. Varðandi samræmingu á störfum stofnana og samhengi við heildarsýn og langtímahorfur er ætlunin að Rannsóknaráð ríkisins verði haft með í ráðum.

Með þessari málsmeðferð er þess vænst að hægt verði að taka upp þess konar umræðu um rannsókn- og þróunarmál milli Alþingis, ráðuneyta, rannsóknastofnana og fulltrúa atvinnuveganna, að úr því geti mótast vísindasefna er henti aðstæðum hérlendis. Hér er gert ráð fyrir að þetta gerist án þess að byggt sé upp nýtt kerfi þar sem sérstakur aðili gerist milliliður rannsóknastofnana og ríkisvalds. Þessu er öðruvísi varið erlendis, þar sem sérstakir aðilar sjá um dreifingu ríkisframlaga til rannsóknastarfseminnar á grundvelli umsókna fyrir einstök verkefni, umsóknir eru metnar af faglegum ráðgjöfum til að tryggja gildi verkefnanna og mat á árangri. Slíku kerfi er erfitt að koma á hérlendis, þar sem fáir starfa á hverju sviði og hlutlægt og faglegt mat því ekki framkvæmanlegt allajafna. Verður því að styðjast meira við hagrænt, stjórnumarlegt og þjóðfélagslegt mat á verkefnum. Mikilvægt er þó einmitt að byrjað verði á slíku mati sem fyrst, og því er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.